



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Framkvæmdaáætlun kennslumálanefndar 2024-25

Á hverju fræðasviði starfar kennslumálanefnd þar sem stúdentar hafa einn fulltrúa, þeir fimm fulltrúar mynda kennslumálanefnd SHÍ. Hlutverk nefndarinnar er því tvískipt, annars vegar að leita leiða til að koma áherslum kennslumálanefndar SHÍ á framfæri við viðeigandi aðila og rökstyðja hvers vegna ástæða er talin til breytinga.

Kennsla

<u>Markmið</u>	<u>Aðgerðir</u>
<i>Kennsluhættir</i>	<i>Kennsluhættir</i>
<i>Allir fyrirlestrar teknir upp og aðgengi að þeim út alla önnina</i>	<i>Stöðutékk 2x á önn</i>
<i>Aðgangur að gömlum prófum</i>	<i>Funda með Aðstoðarrektor kennslu og þróunar. Fá upplýsingar um sáttmála sem gerður var í fyrra og taka málið áfram</i>
<i>Aukin áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, t.d. með vendikennslu</i>	<i>Koma á framfæri hjá nefndum sviðsins.</i>
<i>Kennsluáætlun ætti að vera aðgengileg nemendum við upphaf misseris</i>	<i>Senda erindi á kennslustjóra sviðanna, ítreka að kennsluáætlanir séu aðgengilegar tímanlega áður en kennsla hefst</i>
<i>Ef kennsla fer fram utan hefðbundins skólatíma, t.d. vettvangsferðir um helgar, ætti það að þurfa að koma fram á kennsluvef námskeiðis á Uglunni</i>	<i>Kennslumálanefndir sviðanna, það er þegar táknmynd fyrir vettvangseiningar í kennsluskrá. Biðja um að bætt verði við "Vettvangseiningar utan stundatöflu"</i>
<i>Námsmat</i>	<i>Námsmat</i>

<i>Fjölbreytt námsmat, t.d. aukin áhersla á símat</i>	<i>Stöðutékk</i>
<i>Fylgja eftir 80% hámark á lokaprófum</i>	<i>Tala við Aðstoðarrekter kennslu og þróunar. Fá upplýsingar hvernig þetta er milli sviða. Tala við kennslumálanefndir hvers sviðs.</i>
<i>Námsmat skriflegra verkefna skýrt, t.d. Að matskvarði fylgi verkefnalýsingum</i>	<i>Kortleggja hvaða deildir/námsleiðir bjóða ekki upp á endurtektarpróf</i>

Samtal við kennara

<u>Markmið</u>	<u>Aðgerðir</u>
<i>Kennslukannanir</i>	<i>Kennslukannanir</i>
<i>Auka gagnsæi og eftirfylgni, er hægt að tryggja stúdentum að unnið sé úr niðurstöðum kannanna?</i>	<i>Kortleggja hvernig/hvort deildir séu að vinna úr niðurstöðunum. Ítreka mikilvægi þess hlusta á ábendingar nemenda sem koma þar fram.</i>
<i>Samræmi milli eininga og álags</i>	<i>Þrýsta á kennara að brjóta niður vinnutímana í námskeiðinu í kennsluáætlun og miði við Bologna tímana (ECTS standardinn)</i>
<i>Hvetja til að farið verði í vinnu innan sviðanna, t.d. Setja af stað starfshóp um þetta. Koma í veg fyrir að aukið álag leggist á kennara við að mæla þetta.</i>	<i>Auka þátttöku nemenda í kennslukönnunum. Hvetja til þátttöku á samfélagsmiðlum, gera stúdentum grein fyrir mikilvægi kennslukannana. Búa til auglýsingaefni fyrir samfélagsmiðla, fá nemendafélög til að deila áfram.</i>
<i>Kennarar fá tæknilegan stuðning til að nýta sér fjárnám kennsluaðferðir í námskeiðum.</i>	<i>Kennarar upplifa það fráhrindandi að nota myndavélarnar og búnaðinn í kennslustofum vegna þess að hann er óáreiðanlegur. Funda með framkvæmdar og tæknisviði um að útbúið verði einhvers konar handbók á opnu svæði kennara sem að leiðbeinir kennurum í gegnum að tengjast búnaði.</i>

Jafnrétti til náms

<u>Markmið</u>	<u>Aðgerðir</u>
Alþjóðamál	Alþjóðamál
<i>Próf í boði á ensku og leyfa orðabækur í prófum. Inntökupróf þurfa að vera aðgengilegri fyrir nemendur með erlendan bakgrunn.</i>	<i>Funda með Alþjóðanefnd</i>
Fjölskyldumál	Fjölskyldumál
<i>Engin skyldumæting né skil á staðnum eftir lokun leikskóla daglega. Prófskipulag annarinnar taki mið af starfsdögum leikskóla FS.</i>	<i>Funda með Fjölskyldunefnd</i>
Almennt er varðar jafnrétti til náms	Aðgengismál
<i>Allir kennarar fá jafnréttisfræðslu áður en þeir hefja störf HÍ eða kenna námskeið</i>	<i>Fræðsluvefur háskólans er í vinnslu að sögn jafnréttisfulltrúanna. Það þarf að fylgja eftir hjá þeim að jafnréttisfræðsla muni tilheyra fræðsluvefinum</i>

Aukinn sýnileiki Kennslumálanefndar

<u>Markmið</u>	<u>Aðgerðir</u>
<i>Aukið samtal við stúdenta</i>	<i>Ábendingaskjal sem er opið öllum, forseti kennslumálanefndar SHÍ verður með aðgang að skjalinu Vinna náíð með sviðsráði, þau miðla kennslumálanefnd áfram á deildir. Fulltrúi kennslumálanefnar og fulltrúi fulltrúaráða vinna náíð saman. Stofna nýtt instagram</i>